

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar I, 1. áfangi.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður og að hámarks-hæð mænis frá jörðu megi vera 6,5 m. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03, þar af má aukahús að hámarki vera 30 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar I, 2. áfangi.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að þakhalli verði á bilinu 0-45 gráður og að hámarks-hæð mænis frá jörðu megi vera 6,5 m. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03, þar af má aukahús að hámarki vera 30 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010.
3. *Deiliskipulag tjaldsvæðis í landi Lauga við Hótel Geysi, Haukadal.*
Í deiliskipulaginu felst að á 3,6 ha svæði úr landi Lauga vestan við hverasvæðið í Haukadal er gert ráð fyrir tjaldsvæði auk þjónustuhúss og salernisaðstöðu.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010.
4. *Breyting á deiliskipulagi orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi.*
Í breytingunni felst að felldir eru niður þrjú byggingarreitir fyrir orlofshús norðan þjónustu-byggingar ásamt aðkomuvegi. Svæði sem í gildandi deiliskipulagi var skilgreint fyrir mögulega framtíðarbyggð er breytt í tjaldstæði fyrir félagsmenn þar sem gert er ráð fyrir 30-40 tjaldstæðum með aðstöðu fyrir tjaldvagna, húsbíla og felli- og hjólhýsi. Einnig er gert ráð fyrir byggingareit fyrir allt að 60 m² hreinlætisaðstöðu.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. janúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.